

Erindi frá varaáheyrnarfulltrúa Pírata í bæjarráði, Indriða I. Stefánssyni:

Umræðua um upplýsingakerfi bæjarins í nefndarstarfi.

Á síðasta fundi Umhverfis og samgöngunefndar var til umræðu drög að loftslagsstefnu bæjarins. Forsagan er nokkuð löng og stefnan verið rædd nokkuð oft. Einn fundarmanna gerði góða greiningu á drögunum og annmörkum þeirra og hvað þyrfti að laga og tók saman í minnisblað sem sent var á alla aðila fundarins. En minnisblaðið skilaði sér ekki til allra. Það skilaði sér ekki til þeirra sem nýta tölvupóstfang hjá bænum. Þannig skilaði skjalið sér ekki til mín eða neinna starfsmanna til dæmis en til flestra nefndarmanna. Sennilega var um að ræða ruslpóstsíu bæjarins. Það verður þó að teljast afar óheppilegt að nefndarfólk geti ekki sent viðhengi á aðra aðila fundar.

Þetta er í annað skiptið á stuttum tíma þar sem það að mér sé gert að nota tölvupóstkerfi bæjarins torveldar þátttöku mína í nefndarfundum, í hinu tilfellinu var hefðbundnum fundartíma breytt án þess að því hafi verið sérstaklega getið í fundarboði eingöngu í outlook event sem fór í dagatal sem ég vakta ekki, þvert á móti mátti ráða af fyrri tölvupóstum að fundurinn yrði á hefðbundnum tíma.

Sjónarmið bæjarins að bæjarfulltrúar nýti tölvupóstkerfi bæjarins til samskipta er skiljanlegt en því verður að fylgja að tryggt sé að nefndarfulltrúar geti átt í eðlilegum samskiptum um málefni fundarins og skýrt sé hvenær fundir fara fram.